

Útdráttur

Samfélagsleg staða kvenna hefur breyst mikið frá kvenbyltingu 7. áratugarins en samfara þeirri breytingu hafa orðið breytingar á viðhorfum einstaklinga gagnvart félagslegu hlutverki kvenna. Viðhorf gagnvart félagslegu hlutverki kvenna tengjast málefnum eins og jafnrétti kynjanna, rétt kvenna til menntunar og atvinnu, skyldur og ábyrgð kvenna og umsjón barna og heimilis. Íslensk samfélag hefur orðið fyrir miklum breytingum vegna breyttrar samfélagslegrar stöðu kvenna en fáar rannsóknir hafa verið gerðar á viðhorfum íslenskra kvenna gagnvart slíkum málefnum. Tilgangur þessarar rannsóknar var að skoða viðhorf kvenkyns háskólanemenda gagnvart félagslegu hlutverki kvenna ásamt því að skoða viðhorf gagnvart gildi menntunar í tengslum við jafnrétti. Aðalmælitæki rannsóknarinnar kallast Attitudes Toward Women Scale og var lagt fyrir 77 nemendur við Háskólann á Akureyri til þess að meta viðhorf þátttakenda. Tilgátur rannsóknarinnar voru tvær. Í fyrsta lagi var talið að viðhorf nemenda í heilbrigðisdeild væru hefðbundnari miðað við viðhorf nemenda í viðskipta- og raunvísindadeild. Í öðru lagi var talið að þeir þátttakendur sem töldu sig vera feminista hefðu frjálsslyndari viðhorf gagnvart félagslegu hlutverki kvenna miðað við þá þátttakendur sem töldu sig ekki vera feminista. Niðurstöður rannsóknarinnar leiddu í ljós að hvorugar tilgátur stóðust. Þá kom í ljós að meirihluti þátttakenda töldu sig ekki vera feminista og töldu neikvætt að vera kallaður feministi. Hins vegar kom í ljós að þátttakendur samþykktu almennt séð að fullkomið jafnrétti kynjanna ætti að ríkja í samfélaginu og að menntun væri mikilvæg fyrir stöðu og réttindabaráttu kvenna.

Abstract

The social status of women has changed drastically over the past three decades but attitudes towards sex roles have also changed. Attitudes towards the sex-role of women include issues like equality of the sexes, women's right to education and employment, duties and responsibilities of women and childcare. Icelandic community has been heavily influenced by changes in women's social status but little research has been done on the attitudes of Icelandic women towards women's sex-role and feminist issues. The goal of this study was to explore the attitudes of Icelandic female students towards women's sex role and other attitudes toward feminist issues. The main questionnaire used in this study is called Attitudes Toward Women Scale and 77 female student at The University of Akureyri answered the scale. The hypotheses set forth were twofold. First, the attitudes of students in the Health Department will be more traditional towards the sex-role of women compared to attitudes of students in the Business and Science Department. Second, those participants view themselves as feminists will have more liberal attitudes towards the sex-role of women compared to those participants that don't think of themselves as feminists. Both hypotheses were disconfirmed. It appears that most participants don't think of themselves as feminists and feel that it is generally negative to be considered one. On the other hand, a large majority of the participants agreed that society should have total equality of the sexes and that education is important for the social status of women and women's rights.